

Nd.

280. Frumvarp til laga

[133. mál]

um breyting á lögum um Iðnlánasjóð, nr. 45 3. apríl 1963.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Jón Skaftason, Ingvar Gíslason,  
Einar Ágústsson, Halldór E. Sigurðsson.

1. gr.

2. Töluliður 5. gr. laganna orðist svo:

2. Framlag ríkissjóðs, er sé árlega jafnhátt tekjum þeim, er sjóðurinn fær af gjaldi því, er iðnaðurinn greiðir til hans samkv. 1. tölulið.

2. gr.

Í stað orðanna „allt að 100 milljón króna lán“ í 6. gr. laganna komi: allt að 200 milljón kr. lán.

3. gr.

Í stað orðanna „15 ár“ í 12. gr. laganna komi: 20 ár — og í stað orðanna „7 ára“ komi: 10 ára.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Iðnaðurinn býr við mikinn og vaxandi lánsfjáarskort, þrátt fyrir eflingu Iðnlánasjóðs 1963. Með frv. þessu er stefnt að því að rétta nokkuð hlut iðnaðarins í þessum eignum, en þó engan veginn svo, að fullnægjandi geti talizt nema til bráðabirgða. Mikil þörf er á því að taka öll lánamál iðnaðarins til gaumgæfilegrar athugunar með það fyrir augum, að hann fái þá úrlausn, að samkeppnisaðstaða hans verði verulega styrkt að þessu leyti og grundvöllur lagður að raunhæfri eflingu hans á sem flestum sviðum.

Aðalbreytingarnar á iðnlánasjóðslögunum, sem felast í þessu frv., eru þrjár.

Í fyrsta lagi er lagt til, að framlag ríkisins verði jafnhátt tekjum þeim, sem sjóðurinn fær af gjaldi því, sem iðnaðurinn greiðir til sjóðsins. Tvö undanfarin lönþing hafa borið fram þessa sjálfsögðu kröfu, og er ekki vansalaust, að Alþingi dragi lengur að verða við henni, þar sem framlög ríkisins til hliðstæðra fjárfestingarsjóða landbúnaðar og sjávarútvegs eru jafnhá framlögum þessara atvinnugreina til sjóðanna.

Í öðru lagi er lagt til, að lántökuheimild sjóðsins sé hækkuð úr 100 millj. kr. í 200 millj. króna.

Í þriðja lagi er lagt til, að lánstími á þeim lánum, sem sjóðurinn veitir, sé lengdur til samræmis við það, sem tíðkast hjá öðrum fjárfestingarsjóðum, þannig að lánstíminn megi vera allt að 20 ár í stað 15 ára nú. Lagt er til, að lánstími á lánunum til vélakaupa megi vera allt að 10 ár í stað 7 ára nú.

Nánari grein verður gerð fyrir frv. í framsögu.